

1990 nr. 10 26. febrúar**Lög um laun forseta Íslands**

■ **1. gr.** Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

■ **2. gr.** Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita . . . ¹⁾

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 84/2000, 1. gr.

■ **3. gr.** Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

■ **4. gr.** Sá sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands á rétt til launa skv. 1. gr. í fyrstu sex mánuði eftir að látið er af embætti. Taki fyrirverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur þessi launagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka sex mánaða tímans.

■ **5. gr.** Fyrirverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur launa skv. 4. gr.

□ Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu meira en eitt kjörtímabil skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar hafi forseti gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

□ Taki fyrirverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur eftirlaunagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

■ **6. gr.** Nú andast forseti eða fyrirverandi forseti, er laun tekur eða eftirlauna hefur notið, og skal þá greiða eftirlifandi maka laun út sex mánaða tímam skv. 4. gr. og að þeim tíma liðnum 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna sem hinn látni hefði átt rétt á.

□ Taki maki fyrirverandi forseta stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður launa- og eftirlaunagreiðsla skv. 1. mgr. ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

■ **7. gr.** Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

□ Handhafar forsetavalds skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

■ **8. gr.** . . .

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Forsætisráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands. Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjaradómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004.]¹⁾

¹⁾ L. 84/2000, 2. gr.